

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1944.

*Ríkisstjórabréf um frestun á fundum Alþingis*, undirskrifað af ríkisstjóra 9. marz 1944, nr. 23.

*Auglýsing um staðfesting ríkisstjóra Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 frá 30. júní 1942*, undirskrifuð af kennslumálaráðherra 19. apríl 1944, nr. 24.

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1936, um tekjuskatt og eignarskatt*, undirskrifuð af ríkisstjóra 26. apríl 1944, nr. 25.

*Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkissjóð til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi*, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 26.

*Auglýsing um lækkun aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri*, undirskrifuð í fjármálaráðuneytinu 30. marz 1944, nr. 27.

## Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Árnes- sýslu, um flutning þingstaðar. 46

9. maí

Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 4. þ. m., og ósk hreppsnefndarinnar í Sandvíkurhreppi, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Litlu-Sandvík að Selfossi, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Ekknasjóð Íslands“, útgefin á  
venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. janúar 1944. 47**

21. jan.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRA

### fyrir Ekknasjóð Íslands.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir „Ekknasjóður Íslands“ og er stofnaður með 1000 króna framlagi sjómanskonu, og er það hluti af áhættuþóknun manns hennar.

#### 2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa biskup Íslands, yfirlæknir við Tryggingarstofnun ríkisins og ein kona, tilnefnd af þeim.

#### 3. gr.

Takmark sjóðsins er að styrkja fátækar ekkjur á Íslandi til að halda heimilum sínum og ala upp börn sín, einnig þær, er mennirnir hafa yfirgefið, án þess að þær eigi sök á.